

Please accept, Your Excellency, the renewed assurance of my highest consideration.

G. K. T. Chiepe,
High Commissioner.

His Excellency
Mr. Niels P. Sigurdsson,
Ambassador for Iceland,
1 Eaton Terrace,
London.

Nr. 9.

13. maí 1974.

AUGLÝSING

um bráðabirgðasamkomulag um afnám vegabréfsáritana
milli Íslands og Bahama.

Með erindaskiptum milli breska sendiráðsins í Reykjavík f. h. ríkisstjórnar Bahama og utanríkisráðuneytisins hefir verið ákveðið, að gagnkvæmt samkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Bahama haldi gildi sínu með stoð í samningi Íslands og Bretlands, þar til nýr samningur verður gerður við ríkisstjórn Bahama.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. maí 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 10.

28. júní 1974.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að samkomulagi frá 13. desember 1971
milli ríkisstjórnar Tanzaníu og ríkisstjórna Danmerkur,
Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Með orðsendingum dagsettum 26. og 27. febrúar 1974 var gengið frá aðild Íslands að samkomulagi frá 13. desember 1971 milli ríkisstjórnar Tanzaníu og ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar varðandi aðstoð Norðurlandanna við Tanzaníu á sviði samvinnumála.